



## ÍSAFJARÐARBÆR

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1328*  
*komudagur 2.3.2012*

Ísafjörður, 02.03.2012  
2012020026 PP

### Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393.mál.

Á 308. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar er haldinn var þann 1. mars sl., var samþykkt svohljóðandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393. mál. Tillagan samþykkt samhljóða 9-0.

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar telur nauðsynlegt að byggðum á Vestfjörðum verði komið í heilsársvegasamband nú þegar og leggur áherslu á að Dýrafjarðargöng og vegur yfir Dynjandisheiði verði sett á fjögurra ára samgönguáætlun og í framkvæmd.

Væri það í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðar frá 18. október 1954, sem var eftirfarandi: "Bæjarstjórn Ísafjarðar samþykkir að skora á Alþingi að veita þegar á næsta ári það ríflegt fé til að Vestfjarðarvegur um Barðaströnd, að Ísafirði komist í vegasamband þá leið, eigi síðar en á árinu 1956 [...] Bæjarstjórn heitir á alla þingmenn Vestfirðinga að veita þessu máli allt það lið sem þeir mega."

Jafnframt verði vetrarþjónusta á Þjóðvegi 61 færð til fyrri vegar þannig að leiðinni milli Ísafjarðar og Reykjavíkur sé haldið opinni alla daga vikunnar.

Þá telur bæjarstjórn mikilvægt, að gert verði átak í að útrýma einbreiðum brúm, en óásættanlegt er að enn séu einbreiðar brýr í sveitarfélaginu það er í Dýrafirði, Önuðarfirði og Arnarfirði.

Nauðsynlegt er að halda áfram uppbyggingu á Ísafjarðarflugvelli þannig að hægt sé að halda þaðan uppi flugsamgöngum við Grænland auk þess að enn vantar ljósabúnað til að hægt sé að fljúga næturflug.

Bent er á að fé til hafnarframkvæmda og sjóvarna er ekki í samræmi við fyrirætlanir Ísafjarðarbæjar.

Þá leggur bæjarstjórn áherslu á að Alþingi beiti sér fyrir því, að aðgengi að háhraðatengingum og nútíma fjarskiptaþjónustu verði tryggt um land allt, en ekki bara á sumum stöðum eins og verið hefur."

Samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar tilkynmist yður hér með.

Virðingarfyllt,

Daníel Jakobsson  
- bæjarstjóri -